

Sp. 1001. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um skipun nefndar til að fjalla um menntun löggæslumanna.

Flm.: Ingvar Gíslason og Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna menntunarmál löggæslumanna og gera tillögur um framtíðarskipan þeirra. Nefndin skal m.a. kanna hvort hagkvæmt og æskilegt sé að koma á fót sameiginlegri menntastofnun sem þjóni mörgum starfshópum er annast löggæslu, landvernd, öryggisþjónustu og almannavarnir í lýðveldinu.

G r e i n a r g e r ð .

Löggæslan í lögsögu lýðveldisins er einn þýðingarmesti þáttur stjórnsýslu ríkisins, eitt tákna fullveldis og sjálfstæðis. Lýðræðisþjóðfélög byggja upp hyrningarsteina síns eigin sjálfstæðis og lýðræðis á svo traustum grundvelli sem mögulegt er. Því eru gerðar miklar kröfur til mannafla og starfsemi slíkra stofnana. Þar sitja hagsmunir þegnanna í fyrirrúmi því að öll löggæsla verður að vera örugg og einörð og þar má ekkert bresta. Þetta á við um alla löggæslu á sjó, landi og í lofti. Að mennta löggæslumenn hlýtur því að vera hlutverk ríkisvaldsins og það þarf að rækja sem best. Verkefni löggæslu fara mjög vaxandi og verða enn viðameiri og vandmeðfarnari. Ríkið rekur Lögregluskóla og Tollskóla en ýmsir starfshópar löggæslu fá litla sem enga menntun frá vinnuveitanda sínum, ríkinu. Þetta á við um landhelgisgæslustarfsmenn, bifreiðaeftirlitsmenn, fangaverði og starfsmenn flugvalla.

Í nýafstöðnum samningum við Landssamband lögreglumanna frá 18. júlí 1986 er sérstök bókun um eflingu Lögregluskóla ríkisins og í álitserð frá IKO (Industrikonsulent) í Ósló frá 25. okt. 1985 er lagt til að Lögregluskóli ríkisins verði gerður að sjálfstæðri stofnun með sérstakan skólastjóra og skólanefnd.

Flutningsmenn hafa undir höndum gögn frá mörgum starfshópum löggæslunnar þar sem bornar eru fram örökstuddar óskir um úrbætur í menntunarmálum starfshópanna. Nýjasta dæmið er bréf Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna dags. 19. janúar 1987 þar sem mjög eindregið er farið fram á tafarlausar úrbætur í menntun rannsóknarlögreglumanna og lögreglumanna yfirleitt.

Ef verða á við óskum hvers þessara starfshópa fyrir sig með eflingu þeirra skóla sem fyrir eru eða stofnun nýrra virðist eðlilegast að kanna fyrst möguleikana á stofnun sem geti þjónað mörgum starfshópum, bæði sameiginlegum þörfum allra og sérstökum þörfum hvers starfshóps fyrir sig.

Menntun löggæslumanna er tvímælalaus skylda ríkisins en hugsanlegt er einnig að ríkinu beri að sinna menntun starfshópa sem gæta öryggis og sóma stofnana ríkisins, svo sem þingvarða, þjóðgarðsstarfsmanna, landvarða og leiðsögumanna. Síðast töldu hóparnir gegna tvímælalaust mikilvægu hlutverki í gæslu náttúruverndarlaganna.

Auk þess er æskilegt að kannað sé hvort og þá hvernig slíkur skóli gæti þjónað þörfum starfsmanna Almannavarna og hjálpar- og björgunarsveitarmanna.

Ljóst er að þessi mál snerta mörg ráðuneyti og því óhjákvæmilegt að hlutaðeigandi aðilar leiti samstarfs við könnun og tillögugerð í menntunarmálum löggæslumanna og annarra starfshópa sem annast landvernd, öryggisþjónustu og almannavarnir.